

Kaldvík hf.
Strandgötu 18
735 Eskifjörður

Selfossi, 28. febrúar 2025
Tilvísun: 2412568

Opinbert velferðar- og heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Upplýsingar um fiskeldisstöð:

Heiti: Kaldvík hf.	Kennitala: 520412-0930
Heimilisfang: Strandgötu 18, 735 Eskifirði	Leyfisnr.: FE-1139
Stöðvarstjóri: Ingólfur Sigfússon	Dags.: 28.2.2025
Tegund fiska: Lax- <i>Salmo salar</i>	
Er stöðin í dreifingarbanni: Nei	Óboðað eftirlit: Nei
Skilyrði uppfyllt til útgáfu heilbr. vottorða: Já	Tegund eftirlit: annað

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Berglind Helga Bergsdóttir og Wija Aryiani sérgreinadýralæknar hófu þann 9. desember sl. rannsókn á aðdraganda affalla sem áttu sér stað eftir útsetningu seiða á eldissvæðum Kaldvíkur á Einstigi og Fögrueyri í Fáskrúðsfirði í nóvember og desember 2024.

Kallað var eftir gögnum frá rekstrarleyfishafa, m.a. skýrslum þjónustudýralækna, gögnum úr seiðastöð, upplýsingum úr brunnbát o.fl. Matvælastofnun óskaði jafnframt eftir greiningu rekstraraðila sjálfs á orsökum affallanna.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

DÝRAVELFERÐ: **Alvarlegt frávik**

Þann 21. nóvember og 1. desember 2024 fóru fram seiðaflutningar úr seiðastöðinni Laxabraut í Þorlákshöfn til sjókvíaeldissvæðanna Einstigi og Fögrueyri í Fáskrúðsfirði. Hátt í 100% afföll urðu á seiðum eftir báða þessa flutninga og er talið að orsök affalla sé margþátta: lágur sjávarhiti við útsetningu, vont veður, löng og krefjandi flutningsleið og ástand seiða við komu í sjókvíar.

Samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið á hitastigi sjávar við útsetningu seiða er ekki talið æskilegt að setja seiði út í sjó sem er undir 4°C og lækkandi. Hitastig í sjó á Einstigi og Fögrueyri við útsetningu þann 23. nóvember var 3,7°C og hitastig í Einstigi við útsetningu þann 4. desember var 2,8°C.

Flutningur er almennt streituvaldandi fyrir seiði og við slíka flutninga myndast oft hreisturslos. Undir venjulegum kringumstæðum tekur flutningur á seiðum frá Þorlákshöfn á Austfirði um 40 - 50 klukkustundir. Frá því að seiðin voru ferjuð um borð í brunnbátinn í Þorlákshöfn og þar til komið var með þau á eldissvæðin á Austfjörðum liðu annars vegar um 42 klst. þann 21. nóvember og hins vegar um 70 klst. þann 1. desember, en fyrir liggur að of vont veður var við Einstigi til að hægt væri að losa seiðin frá borði.

Í niðurstöðum úr gæðamati seiða sem framkvæmt var af starfsfólki Kaldvíkur fyrir flutning þann 21. nóvember kemur fram að stór hluti þeirra seiða voru með misalvarlegar uggaskemmdir. Við skoðun dýralæknis í brunnbát eftir sama flutning var 82 seiða úrtak skoðað og voru öll seiðin með hreisturslos. Sár og áverkar gróa hægt í lágu hitastigi eins og var í sjó við útsetningu og opnar hreisturslos leið fyrir sáramyndandi tækifærisbakteríur. Slæmt veður var á eldissvæðunum sem ollu fiskunum enn meira álagi og áverkum, þar sem veiklaður fiskur getur slegist utan í nótina og hlotið áverka.

Fyrir liggur að forsvarsmönnum rekstrarleyfishafa var kunnugt um loftbóluveiki í tálknum seiða, af völdum yfirmettunar eldisvökva af köfnunarefni (N), sem áður höfðu verið flutt frá Laxabraut. Óljóst var hvort uppruni yfirmettunar kæmi frá seiðastöð eða brunnbát. Í flutningi seiða þann 21. nóvember greindist mikil yfirmettun í brunnbát og var orsökinn út frá loftara um borð. Þetta var ekki lagfært fyrir flutninginn þann 1. desember. Engar mælingar á yfirmettun vatns í brunnbát voru gerðar í flutningnum 1. desember og því ekki vitað hvort yfirmettun hafi verið til staðar. Lítil yfirmettun getur gert seiði veik fyrir í krefjandi aðstæðum og getur drepit seiðin ef yfirmettunin er mikil.

Aðaldánarorsök seiða á eldissvæðunum eftir flutningana 21. nóvember og 1. desember skv. þjónustudýralæknum Kaldvíkur voru að seiðin höfðu ekki haft burði til að aðlaga sig að erfiðu umhverfi í sjókvíunum og var birtingarmynd þess innri áverkar, sár og tálknaskemmdir sem seinna leiddu til jónaójafnvægis, blóðsýkingar og altækrar sýkingar.

Þess ber að geta að þann 31. október átti sér stað flutningur seiða frá Laxabraut til eldissvæðisins Einstigi þar sem afföll seiða eftir flutning voru einnig mjög há eða um 81%. Samkvæmt skýrslu þjónustudýralækna rekstraraðila voru aðaldánarorsök svipuð og eftir flutningana 21. nóvember og 31. desember. Þá var hiti sjávar 5,2°C.

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 skal umráðamaður dýra tryggja að dýr séu haldin í umhverfi sem samræmast sjónarmiðum um velferð dýra, m.a. hvað varðar öryggi þeirra og heilbrigði, og tekið sé tillit til sérstakra þara dýrsins og séreinkenna tegundarinnar. Þá kemur m.a. fram í 1. mgr. 18. gr. laganna að við flutning á dýrum beri að tryggja velferð dýra eins og fært er. Gæta skuli þess að dýrin verði fyrir sem minnstu álagi og hvorki þoli þeirra né kröftum sé ofboðið. Óheimilt er að flytja dýr sé augljóst að þau þoli ekki flutninginn. Í d-lið 1. mgr. 14. gr. laganna kemur fram að umráðmönnum dýra beri að tryggja dýrum góða umönnun með því að vernda þau gegn meiðslum, sjúkdómum og sníkjudýrum eða annarri hættu og skv. a. lið 1. mgr. 15. gr. er bannað að ofbjóða kröftum dýrs eða þoli.

Eftir rannsókn málsins og skoðun gagna frá Kaldvík telur Matvælastofnun að forsvarsmönnum Kaldvíkur hefði átt að vera ljóst að líkurnar á að seiðin gætu aðlagast og lifað af í þeim aðstæðum sem ríktu í sjó á þeim tíma sem flutningarnir áttu sér stað væru litlar sem engar, sérstaklega í ljósi reynslunnar af flutningnum 31. október þar sem aðstæður voru ákjósanlegri m.t.t. hitastigs. Það er mat Matvælastofnunar að rekstraraðili hafi með háttsemi sinni brotið gegn ákvæðum laga um velferð dýra nr. 55/2013 við flutning seiðanna frá Þorlákshöfn á eldissvæðin Einstigi og Fögrueyri í Fáskrúðsfirði þann 21. nóvember og 1. desember 2024.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í **samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar**. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022.

Lagagrunnur eftirlits

Lög nr. 55/2013 um velferð dýra, og lög 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

- Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi

Reglugerð nr. 462/2021 (2016/429/EB) og viðauka I í reglugerð nr. 103/2010 (852/2004/EB)

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar,

Berglind Helga Bergsdóttir



Berglind Helga Bergsdóttir, sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma.